

Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2024-2026

Samþykkt í háskólaráði 11. janúar 2024

I. Inngangur

Grunngildi

Jafnrétti er eitt þriggja grunngilda Háskóla Íslands, og fjölbreytileiki er ein af fjórum áherslum í [stefnu skólans](#) (HÍ26). Endurspeglast þessar áherslur í grunngildum Háskóla Íslands um jafnrétti, fagmennsku og akademískt frelsi (HÍ26, Stefna Háskóla Íslands 2021-2026). Í þessum grunngildum felst að mismunun á grundvelli kyns, kyngervis, uppruna, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, holdafars, aldurs, heilsufars, trúarbragða, skoðana, búsetu, efnahags, þjóðernis eða menningar er óheimil innan Háskóla Íslands.

Áhersla er lögð á jafnrétti í víðum skilningi, ásamt samtvinnun ólíkra vídda jafnréttis. Mikilvægt er að jafnréttisstarf Háskóla Íslands taki mið af breytingum á íslensku samfélagi. Starf háskólasamfélagsins í tengslum við aukna fjölbreytni er liður í þróun lýðræðissamfélags og er mikilvægt að háskólinn sé frumkvöðull í þeirri vinnu, m.a. með því að leitast við að hafa sem fjölbreyttastan hóp starfsfólks og nemenda, ásamt því að sinna grunnrannsóknum á sviði jafnréttismála og undirbúa nemendur fyrir þátttöku í samfélaginu.

Áskoranir

Áskoranir í háskólasamfélagi nútímans eru af ýmsu tagi. Setja þessar áskoranir sinn svip á líf, nám og starf. Aukin samkeppni í námsumhverfinu og í fjárveitingum mótar starfs-, rannsóknar- og námsumhverfi, og hefur margþætt og djúptæk áhrif á möguleika fólks til að samræma einkalíf og vinnu. Því er mikilvægt að háskólasamfélagið vinni að því að skapa jafnvægi milli einkalífs, náms og starfs.

Jafnframt hefur nemendum og starfsfólki af erlendum uppruna fjölgað undanfarin ár og mun sú þróun halda áfram í samræmi við framtíðarsýn Háskóla Íslands. Því þarf í auknum mæli að koma til móts við þarfir þessa hóps sem og annarra jaðarsettra hópa, til dæmis með tilliti til fötlunar og hinsegingsjónarhorns í starfi Háskóla Íslands. Er líkt í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin tengjast ekki einungis rannsóknum og kennslu. Þau áréttu að umhverfið og háskólasamfélagið taki mið af fjölbreyttum þörfum nemenda og starfsfólks og spegli þær okkur öllum til hagsbóta. Í því sambandi er minnt á að í HÍ26 kemur fram að taka eigi mið af hugmyndafræði algildrar hönnunar við hönnun nýbygginga, endurbætur á eldra húsnæði, og hönnun háskólasvæðisins alls.

Lög sem liggja til grundvallar

Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2024-2026 leggur [stefnu Háskóla Íslands 2021-2026](#) til grundvallar. Þá grundvallast áætlunin á jafnræðisreglu 65. gr. [stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995](#). Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands byggist á [lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna](#), [lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna](#); [lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði](#) og tekur mið af ákvæðum [laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir](#), [Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks](#)

og [lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði](#). Jafnframt tekur áætlunin mið af [heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna](#), einkum því fjórða (menntun fyrir öll) og fimmta markmiðið (jafnrétti kynjanna). Háskólinn gætir þess að allt starfsfólk, óháð kyni, fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf (sbr. 6. grein laga nr. 150/2020 og 9. gr. laga nr. 86/2018).

Sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða liggur til grundvallar áætluninni og skal gæta kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð (sbr. 30. gr. laga nr. 150/2020) og jafnrétti skal fléttað inn í starfsemi skólans. Einnig þarf að sjá til þess að starfsfólk og stjórnendur fái reglulega fræðslu um jafnréttismál (sbr. 30. grein laga nr. 150/2020 og 7. grein laga nr. 86/2018) og er þetta útfært nánar í aðgerðum jafnréttisáætlunar.

Í áætluninni er lögð áhersla á að tryggja starfsfólki og nemendum lögboðin réttindi, eftir því sem við á, samkvæmt 6.-7., 12.-15., 28. og 30. gr. [laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna](#). Einnig byggir jafnréttisáætlun á niðurstöðum skýrslunnar [Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2017-2021](#) þar sem lagt er mat á stöðu jafnréttismála við Háskóla Íslands og stöðu þekkingar á jafnréttismálum.

Stjórnendur í HÍ skulu tryggja að öll kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf, sbr. 12. gr. laga nr. 150/2020. Eins og fram kemur í sömu grein þá skal sjá til þess að starf sem laust er til umsóknar standi opið jafnt konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá, sbr. þó 2. mgr. 16. gr.

Jafnframt skulu stjórnendur í HÍ gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, sbr. 13. gr. laga nr. 150/2020, þ.m.t. að starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi vegna fjölskylduaðstæðna. [Áætlun um samræmingu vinnu og fjölskyldulífs](#)

Hlutverk

Ábyrgð á jafnrétti í Háskóla Íslands er dreifð og sameiginleg, en endanleg ábyrgð á jafnréttisstarfi skólans hvílir á yfirstjórn hans, þ.e. háskólaráði og rektor.

Áætlunin nær til alls starfsfólks og nemenda sem í sameiningu bera ábyrgð á að koma í veg fyrir mismunun og leggja sitt af mörkum til að skapa háskólasamfélag sem einkennist af virðingu, skilningi og umburðarlyndi.

Jafnréttisnefnd fer með umsjón jafnréttismála í umboði rektors og háskólaráðs. Ráð um málefni fatlaðs fólks hefur í umboði rektors og háskólaráðs umsjón með málefnum þess og nemenda með sérþæka námsörðugleika í Háskóla Íslands. Jafnréttisfulltrúi hefur á vegum stjórnarsýslu Háskóla Íslands yfirumsjón með jafnréttismálum í samvinnu við jafnréttisnefnd og ráð um málefni fatlaðs fólks. Jafnréttisfulltrúi fylgir eftir jafnréttisáætlun Háskóla Íslands, stuðlar að því að jafnréttismál séu sjálfsagður þáttur í starfi skólans og er til ráðgjafar telji einstaklingar sig ekki njóta jafnréttis eða verða fyrir mismunun.

Hvert fræðasviðanna fimm, svo og sameiginleg stjórnarsýsla, skulu setja sér aðgerðaáætlun um jafnréttismál sem byggist á jafnréttisáætlun þessari. Forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri og sviðsstjórar sameiginlegrar stjórnarsýslu bera ábyrgð á að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunarinnar sé framfylgt innan starfssviðs hvers og eins.

Vakin er sérstök athygli á fagráði háskólans og verklagsreglum um viðbrögð gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni, sem og ofbeldi og einelti, sem finna má á

jafnretti.hi.is, og þeirri skyldu háskólaborgara að tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um. Hver sem tekur við kvörtun eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til fagráðsins til faglegrar meðferðar.

Tilurð og endurskoðun

Fyrsta jafnréttisáætlun Háskóla Íslands var samþykkt af háskólaráði árið 2000 og er þessi jafnréttisáætlun sú áttunda sem skólinn setur sér.

Jafnréttisáætlun 2024-2026 var unnin af jafnréttisnefnd undir stjórn formanns nefndarinnar, í samvinnu við jafnréttisfulltrúa. Var boðað til stefnufundar þar sem þátt tóku fulltrúar í jafnréttisnefndum innan skólans, fulltrúar stúdenta, hagaðilar og sérfræðingar innan skólans. Á þeim fundi komu fram tillögur að aðgerðum sem mynduðu grunn að jafnréttisáætlun.

Jafnréttisáætlunin gildir í þrjú ár og skal endurskoðuð að þeim tíma liðnum, það er fyrir árslok 2026. Skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála skal unnin á fimm ára fresti og er gert ráð fyrir að næsta skýrsla fjalli um tímabilið 2022-2026 og komi út árið 2027.

II. Aðgerðir

1. Fjölbreytilegt háskólasamfélag

Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Ár
1.1	Fræðsluáætlun um jafnrétti, með árlegri fræðslu fyrir allt fastráðið starfsfólk HÍ í formi fræðslumyndbanda, umræðufunda og vinnustofa, m.a. um hinsegin mál, örارةitni, kynferðislega áreitni, fjölmenningsfærni og fleira	Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við mannauðssvið og jafnréttisnefnd	2024 2025 2026
1.2	Kanna möguleika á að hlutverki umboðsmanns hinsegin fólks verði komið á	Rektor í samvinnu við jafnréttisfulltrúa	2025
1.3	Árlegur fundur formanns jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa með rektor, þar sem farið er yfir framkvæmd áætlunar sem hluta af stefnu skólans (HÍ26) og fjármögnun áætlunar	Jafnréttisnefnd HÍ í samvinnu við rektor og jafnréttisfulltrúa	2024 2025 2026
1.4	Jafnréttisdagar haldnir árlega	Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við jafnréttisnefnd, ráð um málefni fatlaðs fólks, fjölmenningsfulltrúa, markaðs- og samskiptasvið og deild stafrænnar kennslu og miðlunar	2024 2025 2026
1.5	Tryggja aðkomu nemenda að jafnréttisstarfi HÍ, með árlegum samráðsfundi jafnréttisfulltrúa, Stúdentaráð Háskóla Íslands og hagsmunafélögum nemenda í jafnréttismálum	Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við stúdentaráð, og í samráði við femínistafélag HÍ og Q - félag hinsegin stúdenta	2024 2025 2026
1.6	Gera tillögur að mentorakerfi fyrir nemendur með innflytjendabakgrunn í námi við HÍ	Fjölmenningsfulltrúi í samvinnu við jafnréttisfulltrúa	2026
1.7	Stuðla að góðu samstarfi innlendra háskóla í jafnréttismálum, með þátttöku í samráðsvettvangi jafnréttisfulltrúa háskólanna (tveir samráðsfundir árlega og samstarf um Jafnréttisdaga)	Jafnréttisfulltrúi	2024 2025 2026
1.8	Reglulegir fræðslumolar um jafnréttismál kynntir á skjám bygginga HÍ	Jafnréttisnefnd	2024 2025 2026
1.9	Jafnréttisnefnd stingur upp á 3-6 verkefnum fyrir nemendur í námskeiði um hagnýtingu jafnréttisfræða til að vinna um starfsemi á	Jafnréttisnefnd í samvinnu við umsjónarkennara	2024 2025 2026

	fræðasv-iðum, deildum og sameiginlegri stjórnarsýslu	kynjafræðináms og jafnréttisfulltrúa	
1.10	Skapa skýra umgjörð fyrir tölulegar upplýsingar um innflytjendur í háskólanámi	Forseti Hugvísindasviðs, í samvinnu við jafnréttisfulltrúa og gæðastjóra	2024
1.11	Tryggja eftirfylgni með jafnréttisáætlun HÍ á fræðasviðum með því að jafnréttisnefndir fræðasviða geri aðgerðaáætlun sem tekur mið af jafnréttisáætlun HÍ og leggi fyrir sviðsforseta/-stjórn til afgreiðslu. Jafnréttisnefnd fræðasviðs fundar a.m.k. árlega með sviðsstjórn þar sem gerð er grein fyrir starfinu og rætt um þörf á aðkomu og stuðningi stjórnenda við einstakar aðgerðir	Jafnréttisnefndir fræðasviða	2024 2025 2026
1.12	Tryggja eftirfylgni með jafnréttisáætlun HÍ í sameiginlegri stjórnarsýslu, með því að jafnréttisnefnd sameiginlegrar stjórnarsýslu geri aðgerðaáætlun sem tekur mið af jafnréttisáætlun HÍ, og leggi fyrir framkvæmdastjóra stjórnarsýslu. Jafnréttisnefnd stjórnarsýslu fundar a.m.k. árlega með framkvæmdastjóra stjórnarsýslu, þar sem gerð er grein fyrir starfinu og rætt um þörf á aðkomu og stuðning stjórnenda við einstakar aðgerðir	Jafnréttisnefnd sameiginlegrar stjórnarsýslu	2024 2025 2026

2. Farsælt háskólasvæði

Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Ár
2.1	Aðgengi á háskólasvæðinu – bæði innan bygginga og við byggingar – sett í forgang með úrbótum í samræmi við aðgengisúttektir. Á tímabilinu verði haldið áfram að gera aðgengisúttektir á byggingum og miðað við tvær á ári	Framkvæmda- og tæknisvið	2024 Oddi og VR II 2025 Askja og Eirberg 2026 VR I og Tæknigarður
2.2	Aðgengi að ókyngreindum salernum tryggt, með úrbótum á þeim byggingum þar sem þau er ekki til staðar. Aðgengi er í flestum byggingum, en eftir standa (Árnagarður, Háskólabíó, Saga, Tæknigarður og VR I)	Framkvæmda- og tæknisvið í samvinnu við jafnréttisfulltrúa og samráði við Q - félag hinsegin stúdenta	2024 Saga 2025 Tæknigarður og Háskólabíó 2026 VR I og Árnagarður
2.3	Hvíldarherbergi verði útbúin á Háskólatorgi og í Sögu þar sem fatlað	Ráð um málefni fatlaðs fólks í samvinnu við framkvæmda-	2025

	fólk og önnur sem á þurfa að halda, getur komist í ró	og tæknisvið og nemendaráðgjöf	
2.4	Árlegur samráðsfundur jafnréttisnefndar, framkvæmda- og tæknisviðs og ráðs um málefni fatlaðs fólks til að stuðla að áherslu um algilda hönnun fyrir háskólasvæðið. Fyrsti fundur verður fræðslufundur	Jafnréttisnefnd í samvinnu við framkvæmda- og tæknisviðs og ráð um málefni fatlaðs fólks	2024 2025 2026
2.5	Gera tillögur að rafrænu leiðarkerfi á háskólasvæðinu, innan bygginga HÍ og utanhúss	Framkvæmda- og tæknisvið	2025
2.6	Gera úttekt á útirýmum háskólasvæðisins sem eru óaðgengileg, óörugg eða illa upplýst og skila til Framkvæmda- og tæknisvið	Jafnréttisfulltrúar í samvinnu við fjölmeningarfulltrúa og ráð um málefni fatlaðs fólks og í samráði við hagsmunafélög nemenda	2025
2.7	Gera úrbætur samkvæmt tillögum á útirýmum háskólasvæðisins sem eru óaðgengileg, óörugg eða illa upp lýst samkvæmt tillögum	Framkvæmda- og tæknisvið	2025
2.8	Uppfæra kort af byggingum HÍ með aðgengisupplýsingum á vefsíðum bygginga	Framkvæmda- og tæknisvið í samvinnu við jafnréttisfulltrúa	2025
2.9	Kortleggja hindranir í ferlum bókunarkerfis á stofum með aðgengisþarfir nemenda í huga	Nemendaráðgjöf í samvinnu við kennslusvið, upplýsingatæknisvið, framkvæmda- og tæknisvið og kennslustjóra fræðasviða	2024
2.10	Leiðarlínur verði lagðar á 3. hæð á Háskólatorgi þar sem stoðþjónusta fyrir nemendur er að finna	Framkvæmda- og tæknisvið	2025
2.11	Áætlun um lagningu leiðarlína í öðrum byggingum HÍ	Framkvæmda- og tæknisvið	2024 Áætlun tilbúin 2026 Leiðarlínu lagðar í amk 5 byggingar

3. Mannauður og starfsgleði

Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Ár
3.1	Námskeið fyrir stjórnendur um hvernig takast eigi við kynferðislega áreitni á vinnustað á 3ja ára fresti. Einnig fléttað inn í fræðslu fyrir nýja stjórnendur	Mannauðssvið	2025

3.2	Tíðavörur fyrir nemendur og starfsfólk í byggingum HÍ	Rekstur fasteigna í samvinnu við jafnréttisfulltrúa, stúdentaráð, femínistafélag HÍ og Q - félag hinsegin stúdenta	2024 fyrstu 10 byggingar 2025 mat lagt á þörf í öðrum byggingum og úrbætur gerðar ef þörf er á
3.3	Fræðsla fyrir starfsfólk í stoðþjónustu um menningarnæmi, inngildingu og fjölbreytta menningarheima	Fræðsluteymi Mannauðssviðs	2026
3.4	Starfshópur tekur saman tillögur um leiðir til að tryggja fjölbreyttari ráðningar, bæði í akademískum störfum og stjórnáslu. Í starfshópi sitji jafnréttisfulltrúi ásamt fulltrúum frá mannauðssviði, vísinda- og nýsköpunarsviði og mannauðsstjórum tveggja fræðasviða	Mannauðssvið skipar starfshóp	2025 tillögum skilað
3.5	Áframhaldandi fræðsla um jafnréttismál fléttuð inn í fræðsludagskrá Mannauðssviðs, 1-2 erindi á ári	Mannauðssvið	2024 2025 2026
3.6	Íslenskt dagatal á Uglu fyrir erlent starfsfólk og nemendur sem birtir lögbundna frídaga og hátíðisdaga með örskýringum	Markaðs- og samskiptasvið í samvinnu við upplýsingatæknisvið	2025
3.7	Fylgja jafnlaunastefnu og viðhalda jafnlaunavottun. Árleg greining, stjórnendaráyri og áætlun samþykkt	Mannauðssvið	2024 2025 2026
3.8	Samræma á uppgjör kennslu milli deilda og fræðasviða innan Háskóla Íslands	Rektor	2026

4. Notendamiðuð þjónusta

Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Ár
4.1	Gera tillögu um farveg fyrir kvartanir um örareitni, rasisma, ableisma og hinseginfordóma	Jafnréttisfulltrúar í samvinnu við aðstoðarrektor vísinda, og fagraráð HÍ	2025

4.2	Gera skráningu persónufornafna að sjálfsögðum þætti í starfi HÍ, með því að kynna og leiðbeina um notkun þeirra í Uglu/símaskrá, Canvas, í undirskrift tölvupósta og á nafnspjöldum	Markaðs- og samskiptasvið í samvinnu við mannauðssvið, upplýsingatæknisvið, jafnréttisfulltrúa, og þjónustumiðju	2024
4.3	Úttekt gerð á Þjónustumiðju HÍ til að sjá til þess að hún þjóni öllum hópum m.a. með tilliti til aðgengisparfa	Þjónustumiðja	2025
4.4	Myndband fyrir erlenda nemendur um hagnýt atriði fyrir búsetu á Íslandi	Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við fjölmeningarfulltrúa, stúdentaráð og deild stafrænnar kennslu og miðlunar	2024
4.5	Tillögur um aukinn stuðning við nemendur með innflytjendabakgrunn lagðar fram á grundvelli verkefnis undir <i>Samstarf háskóla</i> , m.a. þróun stuðningsúrræða og móttökuáætlun	Jafnréttisfulltrúar í samvinnu við fjölmeningarfulltrúa og nemendaráðgjöf	2026
4.6	Skoða hvort hægt sé að hafa allar kvörtunarleiðir á einum, handhægum stað	Þjónustumiðja í samvinnu við jafnréttisfulltrúa og mannauðssvið	2024

5. Gæði náms í fyrirrúmi

Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Ár
5.1	Einingabært skyldunámskeið í öllum deildum Menntavísindasviðs í kynja- og jafnréttisfræðum	Deildarforsetar á Menntavísindasviði	2024 námskeiðslýsingar samþykktar 2025 námskeið hefjast
5.2	Kannaðar leiðir til að gera jafnréttis- og kynjafræði hluta af námi í öllum deildum á Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði	Jafnréttisnefnd í samvinnu við jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefndir viðkomandi fræðasviða	2025 Fundir með sviðsforsetum og deildarforsetum
5.3	Rafræn fræðsla um jafnréttismál fyrir stundakennara	Jafnréttisfulltrúar í samvinnu við mannauðssvið	2024

5.4	Kannaðar leiðir til að fylgja eftir skýrslu um <i>Staðalímyndir í háskólum</i> (2023), m.a. um vinnu gegn kynbundum staðalímyndum, sveigjanlegt námskerfi og stuðning við jaðarsetta hópa og aðgengi þeirra að háskólamenntun	Jafnréttisnefnd í samvinnu við jafnréttisfulltrúa og fjölmeningarfulltrúa	2025
5.5	Auka aðgengi kennara að þekkingu um jafnrétti í kennslu með árlegri vinnustofu um leiðir til að flétta jafnrétti við kennslu og sköpun námsumhverfis sem stuðlar að samvinnu í fjölbreyttum nemendahópi	Kennslumiðstöð	2024 2025 2026
5.6	Fyrirliggjandi jafnréttisgátlisti í kennslu uppfærður (á íslensku og ensku) og kynntur kennurum og þeim sem sinna kennslu	Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við kennslumiðstöð, jafnréttisnefnd og nemendaráðgjöf	2024
5.7	Útbúa tillögur að leiðum til þess að bæta kennslukannanir, t.d. auka þátttöku, koma í veg fyrir áreitni í kennslukönnunum	Kennslusvið í samvinnu við jafnréttisfulltrúa	2025
5.8	Fræðsla fyrir kennara um aðgengilega kennsluhætti og algilda hönnun	Jafnréttisfulltrúar í samvinnu við kennslumiðstöð og úrræðateymi	2025
5.9	Könnun á hvort einstakir námsþættir séu hindrun í námi m.t.t. aðgengis og þarfa fjölbreytts nemendahóps (t.d. vettvangsferðir)	Kennslustjórar fræðasviða í samvinnu við ráð um málefni fatlaðs fólks	2026

6. Vandað framhaldsnám og framúrskarandi vísindi

Nr.	Aðgerð	Ábyrgð	Ár
6.1	Fræðsla um kynferðislega áreitni og ofbeldi innan akademíu fyrir doktorsnema og leiðbeinendur ásamt námskeiði fyrir leiðbeinendur doktorsnema þar sem farið er yfir skyldur og ábyrgð í tengslum við leiðbeiningu. Þjálfun leiðbeinenda feli m.a. í sér leiðbeiningar um a) samskipti og valdajafnvægi milli leiðbeinanda og doktorsnema; b) hvernig leiðbeinandi skapar inngildandi (e. inclusive) umhverfi; c) hvert sé hægt að leita með mál (m.a. til umboðsmanns, fagráðs, mannauðssviðs, stéttarfélags, Miðstöðvar framhaldsnáms og Félag doktorsnema og nýdoktora	Miðstöð framhaldsnáms í samvinnu við mannauðssvið og umboðsmann doktorsnema	2025 2026 Árlega eftir það

6.2	Skapa vettvang fyrir samstarf á milli doktorsnema og nýdoktora á mismunandi fræðasviðum sem eru með viðfangsefni sem snerta jafnréttismál. Málþing á tveggja ára fresti	Félag doktorsnema og nýdoktora í samvinnu við jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúa	2024 2026
6.3	Kanna möguleika á hækkun starfshlutfalls umboðsmanns doktorsnema	Rektor í samvinnu við aðstoðarrektor vísinda	2025
6.4	Vinnustofa um hönnun rannsókna m.t.t. kynjasjónarmiða	Vísinda- og nýsköpunarsvið í samvinnu við jafnréttisfulltrúa og rannsóknarstjóra fræðasviða	2024